



Mál nr. S-119/2018  
28. september 2018

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um mál nr. S-119/2018 í samráðsgátt stjórnvalda**

*Tillögur starfshóps um eflingu trausts á stjórnámálum og stjórnsýslu*

Hagsmunasamtök heimilanna fagna því að efling trausts á stjórnámálum og stjórnsýslu hafi verið tekin opinberlega til sérstakrar skoðunar með verkefni því sem hér um ræðir, því eins og ótal dæmi hafa sýnt er ekki vanþörf á að gefa málefninu gaum. Samtökin minna þó á að endalaust er hægt að skipa nefndir og starfshópa og skrifa ítarlegar skýrslur um málefnið, án þess að það breyti endilega miklu. Traust verður aldrei áunnið nema með því að þeir sem vilja ávinna sér það fylgi slíkum yfirlýsingum eftir í verki og sýni beinlínis af sér háttsemi sem er til þess fallin að vekja traust.

**Um einstakar tillögur starfshópsins**

Hagsmunasamtök heimilanna taka undir allar tillögur starfshópsins, en vilja þó nota þetta tækifæri til að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum og ábendingum.

*3. tl. Gagnsæi, miðlun upplýsinga, og upplýsingaréttur almennings*

Ofangreind markmið eru meðal áherslumála Hagsmunasamtaka heimilanna, en samtökin hafa m.a. sett fram þá kröfu að skipuð verði rannsóknarnefnd um afleiðingar fjármálahrunsins 2008 á heimilin, sem myndi skila af sér “Rannsóknarskýrslu heimilanna”, að minnsta kosti jafn ítarlegri og vandaðri og þeirri sem var gerð um aðdraganda orsakar falls bankanna. Samtökin telja að gerð slíkrar skýrslu gæti orðið mikilvægt skref í þá átt að efla traust í samfélaginu.

Fram hefur komið m.a. í stefnuræðu forsætisráðherra við upphaf 149. löggjafarþings, að nú standi yfir endurskoðun upplýsingalaga. Samtökin fagna því en vilja þó taka fram að í því starfi hefur hingað til ekki verið leitað sérstaklega eftir sjónarmiðum samtakanna. Skortur á samráði við almannasamtök er einmitt ekki til þess fallinn að auka traust, eins og verður vikið nánar að síðar.

Samtökin taka undir þá hugmynd að störf handhafa dómsvalds og löggjafarvalds verði að einhverju leyti felld undir upplýsingalög. Í því sambandi má benda að þær stofnanir sem þar um ræðir hafa með höndum margvíslega stjórnsýslu, auk þeirra starfa sem falla undir sérstakt hlutverk þeirra samkvæmt þriggreiningu ríkisvaldsins. Sem dæmi má nefna afgreiðslur skjala samkvæmt beiðnum frá almennum borgurum, boðanir í mætingar af ýmsu tagi og fleira sem er jafnan sinnt af almennu skrifstofufólki. Um slíka stjórnsýslu gilda sömu grundvallarreglur stjórnsýsluréttar og um störf framkvæmdavaldsins, sem væri því rökrétt að heyrðu einnig undir upplýsingalög.

Að fenginni ítrekaðri reynslu taka samtökin heilshugar undir nauðsyn þess að stytta afgreiðslutíma úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Það sama á þó við um fjölmargar aðrar sambærilegar nefndir og úrskurðaraðila. Ekki er alltaf við þá að sakast heldur er einnig oft um að ræða aukið álag t.d. vegna nýrra eða aukinna verkefna, en þá er líka nauðsynlegur liður í því að skapa traust, að stjórnvöld fylgi slíkum breytingum eftir með því að tryggja nægilegt fjármagn og mannafla til þeirra verkefna. Annars er hætt á því að upplifun borgarans verði sú að þrátt fyrir nýjar reglur og úrræði sem eiga að nýtast þeim, skorti þó enn á vilja stjórnvalda til að framfylgja yfirlýsingum sínum í verki.

#### 5. tl. Samskipti við hagsmunaaðila, hagsmunavarsla og starfsval eftir opinber störf

Hagsmunasamtök heimilanna fagna tillögum starfshópsins um skráningarskyldu hagsmunavarða og samskipta við hagsmunaaðila. Samtökin eru einnig hlynnt reglum um starfsval eftir opinber störf, til að setja bremsu á svokallaðar “snúningsdyr” (e. *revolving doors*) milli starfa á sviði stjórn mála og fyrir stóra hagsmunaaðila í einkageiranum. Margvísleg dæmi eru um slíkt hér á landi sem verða ekki talin upp hér, en ljóst er að stemma þarf stígu við þessu líkt og mörg önnur lönd hafa gert.

Auk þess sem að framan greinir benda samtökin á að ekki er nóg að fullt gagnsæi ríki um samskipti við hagsmunaaðila þegar stjórnvöld kjósa að haga því samráði með einhliða hætti þannig að einungis séu höfð samskipti við hagsmunaverði fjársterkra sérhagsmunaaðila en ekki við talsmenn öndverðra hagsmuna, þar á meðal talsmenn almannahagsmuna. Skemmst er að minnast þess þegar fjármála- og efnahagsráðherra upplýsti að í starfshópum og nefndum á vegum ráðuneytisins og stofnana þess ættu Samtök fjármálafyrirtækja 28 fulltrúa en samtök neytenda engan!

Að fenginni reynslu samtakanna er ekki nóg að setja reglur um gagnsæi slíkra samskipta heldur þarf einnig að setja háttennisreglur til að stuðla að því að stjórnvöld gæti jafnræðis í þeim samskiptum og ráðfæri sig sem jafnast við talsmenn beggja hliða þegar um öndverða hagsmuni er að ræða, en sniðgangi hvoruga. Um þetta sjónarmið vísast einnig til meðfylgjandi afrits af umsögn samtakanna til ráðherranefndar Evrópuráðsins við drög að reglum um skráningu hagsmunaaðila.


#### 7. tl. Lýðræðislegt samráð við almenning

Hagsmunasamtök heimilanna benda á að samráð við almenning, verður einnig að ná til samtaka sem vinna að hagsmunamálum almennings. Þar af leiðandi á allt það sem hér að framan var nefnt um að tryggja þurfi jafnræði í samráði við talsmenn ólíkra hagsmuna, að sama skapi við hér.


Loks má nefna að opnun samráðsgáttar hefur verið mikið heillaskref að mat samtakanna. Enn má þó bæta um betur og stuðla að því að það verði framvegis ekki undantekning heldur meginregla að hefja opið samráð sem fyrst í stefnumótunarferlinu, svo það skili sér sem best á síðari stigum.

- o -

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,



Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is



Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

Council of Europe  
Directorate of Human Rights  
European Committee on Legal Co-operation  
DGI-CDCJ@coe.int

**Hagsmunasamtök  
Heimilanna**



The Homes Association, Iceland  
Reykjavík, 28 April 2016

**Comments on the draft recommendation of the Committee of Ministers to member states on the legal regulation of lobbying activities in the context of public decision making**

The Homes Association is a consumer protection organization focusing on the rights of households in the financial markets in the context of civil rights. In particular the right to respect for private and family life, property, and fair treatment. Advocating these rights and encouraging public bodies to guard them and strengthen, is an important part of the association's activity. As such, the association welcomes the initiative of the Council of Europe to suggest legal regulation of lobbying activities in the context of public decision-making. Such regulation indeed seems to be well suited to increase transparency and responsibility in government activities.

The Homes Association has reviewed the draft recommendation of 22 March 2016 and makes no material objections to the proposals being presented. However, the association would like to make an additional proposal which we do not find contained in the draft. From our experience in Iceland we have concluded that while transparency is highly important, another big problem is the lack of equal access for interested parties to get themselves involved in public policy and decision making. This stems from the tendency of public bodies to invite participation by special interest advocates in public affairs, while denying participation by advocates of the citizens, such as human and civil rights organizations. This imbalance favors special interests at the expense of the public, with negative consequences for democratic values and social welfare. Therefore, we respectfully suggest to the honorable Committee of Ministers, the consideration of additional proposals for rules providing all interested parties with the right to equal participation in the conduct of public affairs, according to the established principles of proportionality and non-discrimination.

- 0 -

Respectfully,  
on behalf of the Homes Association, Iceland

Vilhjálmur Bjarnason, chairman@heimilin.is

Pálmei Gísladóttir, vicechairman@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is



Ref ► ZF/ST/PK

Strasbourg, 15 March 2016

**Re:** Consultation – Draft recommendation on the legal regulation of lobbying activities in the context of public decision-making

Dear Sir/Madam,

The Council of Europe, through the European Committee on Legal Co-operation (CDCJ), is currently working on the preparation of a draft recommendation of the Committee of Ministers to member states on the legal regulation of lobbying activities in the context of public decision-making.

This consultation aims to involve key actors among civil society, business and public bodies in the process of the development of the recommendation by consulting them on the draft text of the recommendation before finalising its preparation.

I would be grateful if you could send your observations on this draft text and, with a view to collecting the greatest number of comments, disseminate it among other relevant parties, inviting them to reply in so far as possible by **29 April 2016** at [DGI-CDCJ@coe.int](mailto:DGI-CDCJ@coe.int). Every contribution (in English or French) will be most welcome and appreciated.

The CDCJ will finalise and approve the draft legal instrument in light of the observations arising from this consultation before submitting it to the Committee of Ministers for adoption.

I thank you for your co-operation.

Your faithfully,

Zuzana Fišerová  
Chair

European Committee on Legal Co-operation

**Enclosed:**

Draft recommendation on the legal regulation of lobbying activities in the context of public decision-making.